



Lagt fyrir 643. fund bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 20.12.2022

Mál nr. 2022020555

## Minnisblað

---

**Efni:** Ósk um sundurliðun upplýsinga vegna málefna fólks á flóttu

Á 642. fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar þann 6.12.22 var bókað í tengslum við fyrsta mál í fundargerð velferðarráðs frá 16. nóvember sl. ósk um sundurliðun upplýsinga vegna málefna fólks á flóttu;

" Mikil fjölgun flóttafólks til landsins á skömmum tíma hefur reynt á innviði sveitarfélagsins og sem þegar voru komnir að þolmörkum. Búsetuúrræði eru af skornum skammti og mikið álag er á skólaþjónustuna. Vandséð er hvernig Reykjanesbær á að geta tekið á móti fleira flóttafólki eins og staðan er í dag. Mikilvægt er að á hverjum tíma liggi fyrir réttar upplýsingar um fjölda þeirra sem búa í sveitarfélaginu og bíða úrlausnar sinna mála. Jafnframt er mikilvægt að hafa skýra sýn á hversu margir hafa fengið vernd og eru í þjónustu Reykjanesbæjar.

Sjálfstæðisflokkurinn óskar eftir sundurliðun upplýsinga hvað þetta varðar miða við 1. desember 2022, yfirlit yfir þá samninga sem gerðir hafa verið við ríkið hingað til og ofangreindar fjöldatölur á sama tíma, á næsta fundi bæjarstjórnar."

**Óskað er eftir sundurliðun upplýsinga miða við 1. desember 2022:**

### 1. Fjöldinn sem býr í sveitarfélaginu og bíður úrlausna sinna mála?

Þann 1. desember 2022 voru 354 umsækjendur um alþjóðlega vernd í úrræðum Vinnumálastofnunar í Reykjanesbæ, auk 69 einstaklinga hjá Reykjanesbæ.

Samtals 423 umsækjendur um alþjóðlega vernd sem biðu úrlausnar sinna mála 1. desember sl. með dvalarstað í Reykjanesbæ

### 2. Hversu margir hafa fengið vernd og eru í þjónustu Reykjanesbæjar

Þann 1. desember 2022 voru 313 einstaklingar sem fengið hafa vernd í samræmdri móttöku hjá Reykjanesbæ, þ.a. 127 karlar, 102 konur og 84 börn, þ.a. 44 drengir og 40 stúlkur.

Um 30% þeirra sjá sjálfir um framfærslu sína, en fá annan stuðning í gegnum samræmdu móttökuna.

Til félagsþjónustu sveitarfélagsins hefur Fjölmenningarsetrið vísað 67 einstaklingum frá september 2022, 12 eru í þjónustu, 10 bíða fyrsta viðtals og 45 einstaklingar eru komnir úr þjónustu annað hvort komnir í vinnu eða fluttir úr sveitarfélaginu.

Á sama tíma 2021 voru 88 einstaklingar í samræmdri móttöku, 35 karlar, 20 konur og 33 börn, þ.a. 18 drengir og 15 stúlkur og engar tilvísanir voru gerðar til félagsþjónustu sveitarfélagsins, þ.e. allar tilvísanir fóru í samræmdu móttökuna.

1. desember 2020 voru í samræmdri móttöku 32 einstaklingar, 12 karlar, 7 konur og 13 börn, þ.a. 6 drengir og 7 stúlkur og fóru allar tilvísanir þá til félagsþjónustu sveitarfélagsins.

### **3.Yfirlit yfir þá samninga sem gerðir hafa verið við ríkið hingað til og ofangreindar fjöldatölur á sama tíma.**

#### **Alþjóðleg vernd:**

Sá samningur sem nú er í gildi vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd er frá því 31.12.2014. Samningurinn kveður á um þjónustu við allt að 70 umsækjendur um alþjóðlega vernd á hverjum tíma. Umleitanir Útlendingastofnunar um stækkun samningsins sem hafa borist sveitarfélaginu á undanförunum árum hefur verið synjað, en samhliða hefur móttökuúrræðum ríkisins í sveitarfélaginu fjölgað úr einu úrræði í þrjú vegna framboðs á húsnæði í Ásbrúarhverfi Reykjanesbæjar. Frá því félags- og vinnumarkaðsráðuneytið tók við verkefni Útlendingastofnunar um að þjónusta umsækjendur um alþjóðlega vernd, þ.e. í júní á þessu ári þá hefur orðið breyting í þessum samskiptum og hefur félags- og vinnumarkaðsráðuneytið tekið tillit til andmæla sveitarfélagsins um fjölgun móttökuúrræða í sveitarfélaginu og móttökuúrræðum ekki fjölgað þrátt fyrir að ríkið hafi fengið tilboð um leiguhúsnæði í því skyni í sveitarfélaginu.

Eins og fram kemur hér að ofan voru 69 umsækjendur um alþjóðlega vernd í þjónustu sveitarfélagsins 1. desember sl.

#### **Samræmd móttaka:**

Fyrsti samningurinn um samræmda móttöku var gerður í árslok 2020 og gildi frá 1. apríl 2020. Fram að þeim tíma var öllum sem fengu alþjóðlega vernd vísað til félagsþjónustu sveitarfélagsins við leyfisveitingu eftir aðstoð og stuðningi. Með þeim einstaklingum kom ekki framlag frá ríkinu nema vegna útlagðs kostnaðar, þ.e. ekkert framlag vegna þess viðbótarstuðnings sem fólk á flótta þarf á að halda, þegar kemur að ráðgjöf og stuðningi við að geta orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, gegnum vinnu og aðra virkni.

Samningar um samræmda móttöku flóttafólks var gerður við 4 önnur sveitarfélög á þessum tíma, þ.e. Reykjavík, Hafnarfjörð, Árborg og Akureyri. Árborg og Akureyri voru þau 2 nýju sveitarfélög sem bættust við í samræmda móttöku flóttafólks á þessum tíma.

9.mars 2022 sendi félags- og vinnumarkaðsráðuneytið sveitarfélögum bréf og leitað var eftir þátttöku sveitarfélaga á landsvísu, m.a. Reykjanesbæjar, um móttöku flóttafólks vegna þeirra gífurlegu fjölgunar einstaklinga í leit að skjóli á Íslandi vegna stríðsátaka.

Öll 5 sveitarfélögin sem stóðu að gerð samningsins um samræmda móttöku flóttafólks 2020/2021 unnu með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu að nýjum samningsdrögum sem lokið var við á haustmánuðum 2022 og liggja nú til grundvallar nýjum samningum.

Reykjavíkurborg og Árborg hafa þegar undirritað nýja og stærri samninga um samræmda móttöku og Hafnarfjörður og Akureyri eru að vinna að endurnýjun og stækkun sinna samninga.

Nýr samningur við Reykjanesbæ bíður afgreiðslu bæjarstjórnar.

Til upplýsingar þá er að frumkvæði félags- og vinnumarkaðsráðherra fyrirhuguð vinnustofa með starfsmönnum af velferðarsviði, fræðslusviði og stjórnsýslusviði Reykjanesbæjar ásamt félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, Fjölmenningssetri og Vinnumálastofnun nk. fimmtudaginn þann 22.12.22 til að greina þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í Reykjanesbæ er varða málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttamenn. Markmið vinnustofunnar er að kortleggja þær áskoranirnar til þess að við getum svo í kjölfarið útfært mögulegar lausnir við þeim.

Virðingarfyllt

Hera Ósk Einarsdóttir  
Sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjanesbæjar